

126. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

1. 9. 2021 kl. 8:30 – 10:00

Fjarfundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Vilhjálmur Magnússon

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þórgunnur Torfadóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Ingunn Jónsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Kristín Hermannsdóttir, Þorkell Óskar Vignisson, Bjarni Guðmundsson.

Vilhjálmur Magnússon bauð Þórgunni Torfadóttur og Ingunni Jónsdóttur velkomnar í stjórn Nýheima þekkingarseturs.

Komandi vetur hjá Nýheimum þekkingarsetri

Hugrún Harpa fór yfir helstu verkefni komandi vetrar hjá setrinu og greindi frá breytingum sem orðið hafa á starfsmannahópi setursins. Guðrún Ásdís verður í námsleyfi komandi vetur og Guðný Gígja Benediktsdóttir hefur verið ráðin sem afleysing fyrir hana. Þá hefur Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir tekið að sér verkefni hjá setrinu og mun sinna starfinu frá Gautaborg. Umræður sköpuðust um verkefni og starfsemi setursins, stjórn lýsti ánægju sinni með þann kraft sem er í starfi setursins og fjölbreytni verkefna.

Erindi Háskólafélags Suðurlands

Ingunn sagði frá starfsemi og helstu verkefnum Háskólafélags Suðurlands. Háskólafélag Suðurlands hlaut styrk úr Lóu, sjóð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til að undirbúa og vinna að frumkvöðla- og nýsköpunarsetri, sú vinna er að hefjast á næstu dögum.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í Sveitarfélaginu Hornafirði

Matthildur bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar sagði frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið hjá sveitarfélaginu í tengslum við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Unnið hefur verið að stefnumótun til næstu fimm ára með áherslu á heimsmarkmiðin og kynnti Matthildur áherslur og markmið þeirrar vinnu.

Umræður sköpuðust um málið, Hugrún Harpa sagði frá áhuga setursins og innan Nýheima til þess að vinna við hlið Sveitarfélagsins að innleiðingu heimsmarkmiðanna. Lagði hún til að stofnaður verði samráðshópur um heimsmarkmiðin í Hornafirði. Stjórn tók undir mikilvægi þess að gott samtal væri á milli Nýheima og Sveitarfélagsins í slíkum verkefnum. Einnig var bent á mögulega tengingu heimsmarkmiðanna við þá stefnu að gera Sveitarfélagið að miðstöð jöklaferðamennsku á heimsvísu. Matthildur tók undir með stjórn og minnti á að Loftslagsverkefni Festu væri einmitt hluti af þessari vinnu og flestar stofnanir Nýheima væru aðilar að því verkefni.

Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið klukkan 10:00

Vilhjálmur Magnússon

Hugrún Harpa Reynisdóttir